

Fimmtudaginn 26. mars 1992.

Nr. 439/1991. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
 gegn

Aðalsteini Aðalsteinssyni

(Kristján Stefánsson hrl.).

Þjófnaður. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson og Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. október 1991, að því er varðar ákærða, Aðalstein Aðalsteinsson. Var málinu áfrýjað að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákærvalds „til staðfestingar um skilorðsrof og þyngingar á refsingu“. Við munnlegan málflutning krafðist ríkissaksóknari aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms, að því er varðar ákærða, Aðalstein, en til vara „staðfestingar á ákvæðum um sakfellingu ákærða, greiðslu sakarkostnaðar og á ákvæðum um skilorðsrof á reynslausn frá 28. mars 1990 af eftirstöðvum refsingar, 160 dögum, en ákvörðun refsingar í þessu máli verði frestað skilorðsbundið í 2 ár frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.“

Meðákærði í héraði undi héraðsdómi.

Í máli þessu er ákært fyrir stuld á tveim áfengisflöskum, sem Sigrún Ólafsdóttir taldi, að stolið hefði verið á Hótel Snæfelli. Einu gestir á hótelinu aðfaranótt 11. júní 1990 voru ákærði og meðákærði í héraði. Þeir höfðu verið í brúðkaupsveislu kvöldið áður og eftir það á dansleik og voru ölvaðir, er þeir komu heim á hótelið um nóttina. Er lögregla kom á vettvang morguninn eftir, þegar klukkan var langt gengin í fimm, að því er ætla verður, lá ákærði Aðalsteinn sofandi í rúmi sínu í herbergi á þriðju hæð hótelsins og virðist hafa verið ofurölvi. Leit var gerð að áfengisflöskum þeim, sem Sigrún Ólafsdóttir taldi horfnar, en hún bar ekki árangur. Hins vegar fann lögreglan hvítvinsflösku, sem falin hafði verið á bak við dýnu á gangi þriðju hæðar. Mun það hafa verið flaska, sem Sigrún Ólafsdóttir hafði séð, að vantaði í kælikáp í eldhúsi hótelsins.

Við lögreglurannsókn gekkst meðákærði við því að hafa brotist inn á bar hótelsins, en mótmælti því að hafa tekið annað en vínflösku þá, sem fannst og áður er getið. Hann bar og jafnan, að hann hefði farið einsamall inn á barinn, og hefði ákærði verið sofandi inni á herbergi þeirra. Þegar meðákærði kom fyrir dóm við meðferð máls þessa hinn 26. nóvember 1990, var einungis bókað, að hann viðurkenndi að hafa stolið tveim áfengisflöskum greint sinn ásamt ákærða, Aðalsteini. Hann var hins vegar ekkert spurður um misræmi milli þessa framburðar og skýrslu sinnar hjá lögreglu.

Kærandinn, Sigrún Ólafsdóttir, kom til skýrslutöku hjá lögreglu 7. ágúst 1990. Var skýrsla hennar um þjófnað á áfengi óskýr. Hún kom ekki fyrir dóm.

Samkvæmt framansögðu eru atvik máls þessa óljós og illa upplýst. Ekki þykir unnt að byggja sakfellingu ákærða á skýrslu hans hjá lögreglu einni, og þegar gögn málsins í heild eru virt, þykir ekki sannað, að hann hafi gerst sekur um verknað þann, sem hann er ákærður fyrir. Ber því að sýkna hann af kröfum ákæruvalds í málinu.

Eftir framangreindum úrslitum ber að leggja allan kostnað málsins í héraði, að því er ákærða varðar, á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans þar, svo sem þau voru ákveðin í héraðsdómi. Áfrýjunarkostnað ber einnig að greiða úr ríkissjóði, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Aðalsteinn Aðalsteinsson, skal vera sýkn af kröfum ákæruvalds í málinu.

Málkostnaður í héraði, að því er ákærða varðar, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, eins og þau voru ákveðin í hinum áfrýjaða dómi.

Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 27. september 1991.

Ár 1991, föstudaginn 27. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni sakadómará,

kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 462-463/1991: Ákærvaldið gegn Aðalsteini Aðalsteinssyni og X, sem tekið var til dóms 18. september sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 9. nóvember sl., á hendur ákærðu, Aðalsteini Aðalsteinssyni, Yrsufelli 9, fæddum 12. febrúar 1965, fæðingarnúmer 423, og X [...], báðum til heimilis í Reykjavík, „fyrir þjófnað með því að hafa aðfaranótt mánudagsins 11. júní 1990 brotist inn í vinstofu Hótel Snæfells, Austurvegi 3, Seyðisfirði, og stolið tveimur áfengisflöskum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar“.

Málavextir eru þessir:

Mánudaginn 11. júní 1990 kl. 4.35 sneri Sigrún Ólafsdóttir, eigandi Hótel Snæfells á Seyðisfirði, sér til lögreglunnar á staðnum og tilkynnti um innbrot á hótelinu. Kvaðst hún gruna tvo hótelgesti um verknaðinn, þar sem hún hefði komið að öðrum þeirra, þar sem hann var að sópa saman glerbrotum á barnum. Lögreglumenn fóru þegar á vettvang og höfðu tal af ákærða X, sem neitaði í fyrstu aðild að þjófnaðinum. Lögreglumenn fundu hvítvínsflösku á gangi hótelsins, og í herbergi ákærðu fannst ógreiddur reikningur ákærðu, að fjárhæð 7.540 kr. Segir í lögregluskýrslu, að reynt hafi verið að vekja ákærða Aðalstein, en hann hafi verið „dauður“ af áfengisneyslu og ekki vaknað þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Við yfirheyrslu hjá lögreglunni daginn eftir viðurkenndi ákærði X að hafa stolið einni vínflösku, sem hafi verið í ísskáp í eldhúsi, og jafnframt viðurkenndi hann að hafa tekið áðurgreindan reikning og farið með hann upp á herbergi sitt. Kvaðst ákærði hafa verið einn á ferð, en meðákærði, Aðalsteinn, hefði farið á undan sér af dansleik, sem þeir voru á, og hefði Aðalsteinn verið með lyklana. Kvaðst ákærði X því hafa skriðið inn um glugga á herbergi þeirra á þriðju hæð.

Ákærði Aðalsteinn var yfirheyrður hjá lögreglu N.-Múlasýslu daginn eftir kl. 16.05. Kvaðst ákærði hafa verið á dansleik og misst minnið vegna áfengisneyslu og ekki vitað af sér, fyrr en hann var að reyna að opna glugga við bar hótelsins í þeim tilgangi að sækja þangað áfengi. Kvað ákærði gluggann hafa brotnað, og hefði meðákærði þá skriðið inn og sótt eina vodkaflösku. Kvaðst ákærði síðan ekkert muna, fyrr en lögreglan vakti hann um morguninn.

Samkvæmt gögnum málsins greiddu ákærðu hóteleigandanum tjón sitt að fullu, samtals 30.000 kr. Kvaðst hóteleigandinn hafa lofað ákærðu að falla frá kæru, ef þeir bættu tjónið.

Ákærði X skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði ásamt meðákærða stolið tveimur áfengisflöskum á Hótel Snæfelli, Seyðisfirði.

Ákærði Aðalsteinn skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði umrætt sinn verið undir mjög miklum áhrifum áfengis. Ákærði kvaðst fyrr um kvöldið hafa verið í brúðkaupsveislu hjá frænda sínum, og kvaðst ákærði síðast hafa vitað af sér í þessari veislu. Ákærði kvaðst ekki muna eftir heimferð sinni og ekkert muna, fyrr en lögreglan stóð yfir sér morguninn eftir. Ákærði kvaðst hafa tjáð lögreglumanni þeim, sem tók af sér skýrsluna, að hann gæti hvorki játað né neitað sakargiftum. Kvað ákærði skýrslu þá, er hann skrifaði undir, vera það, sem lögreglumaðurinn lagði sér í munn.

Ofangreind skýrsla var borin undir ákærða, og kvaðst hann staðfesta undirskrift sína undir hana.

Ákærði kvaðst ásamt meðákærða hafa samþykkt að greiða kæranda skaðabætur, enda hefði þeim verið tjáð, að málið yrði þá látið niður falla. Ákærði vildi þó taka fram, að enda þótt hann hefði greitt skaðabætur, teldi hann sig ekki með því hafa viðurkennt verknaðinn.

Vitnið Egill Ragnarsson lögreglumaður, kt. 071259-8039, gaf skýrslu í sakadómi Seyðisfjarðar 4. júlí sl. Kvað vitnið Sigrúnu hafa komið á lögreglustöðina og lagt fram kæru. Hafi lögreglumennirnir farið á vettvang, og hafi annar ákærðu verið sofandi í herbergi sínu, en hinn ekki kannast við neitt á þessu stigi málsins. Kvað vitnið annan ákærðu hafa játað brotið að fullu, en hinn hefði játað líka, en verið tregur til, þar sem hann var á skilorði. Vitnið kvað ákærða Aðalstein hafa verið lítillga ölvaðan eða „þunnan“ við handtöku, og kvað vitnið það sitt mat, að hann hefði verið fullfær um að gefa skýrslu kl. 16.05. Vitnið kvaðst ekki hafa verið viðstatt skýrslutökuna allan tímann, en kvaðst hafa verið viðstatt upplestur hennar og undirritun. Kvað vitnið ákærða X hafa tjáð lögreglu, að hann hefði verið einn að verki, þar sem hann hefði ekki viljað blanda ákærða Aðalsteini í málið, vegna þess að hann var á skilorði.

Vitnið Sigurjón Andri Guðmundsson aðstoðarvarðstjóri, kt. 070963-5829, gaf skýrslu í sakadómi Seyðisfjarðar 9. ágúst sl. Kvaðst vitnið hafa tekið skýrslu af ákærða Aðalsteini, sem hefði játað á sig sinn þátt. Vitninu fannst ákærði í alla staði „bláedrú“ og hefði ekki tekið eftir því, að hann hefði drukkið kvöldið áður, ef sér hefði ekki verið sagt það. Kvað vitnið ákærða hafa beðið um magnýl vegna höfuðverkjar. Vitnið kvað skýrsluna ekki hafa verið lesna upp fyrir ákærða, hann hefði lesið hana sjálfur, áður en hann skrifaði undir hana. Kvað vitnið ákærða ekki hafa virst slappan eða þreyttan, er skýrslutaka fór fram, og fannst vitninu ákærði geta komið þokkalega fyrir sig orði. Vitnið kvað Egil hafa verið viðstaddan skýrslutökuna einhverja stund, en ekki mundi vitnið, hvort einhver var viðstaddur, er ákærði skrifaði undir skýrsluna.

Vitnið Geir Stefánsson héraðslögreglumaður, kt. 040167-5799, gaf skýrslu í sakadómi Seyðisfjarðar sama dag. Vitnið kvaðst ekki hafa verið

viðstatt yfirheyrslur yfir ákærðu, en vitnið kvað ákærðu í fyrstu hafa neitað aðild að innbrotinu. Vitnið kvað ákærðu ekki hafa verið undir áhrifum áfengis, er skýrslur voru teknar af þeim. Vitnið kvað sér hafa verið tjáð daginn eftir, að ákærðu hefðu jatað.

Niðurstöður.

Með játningu ákærða X telst nægilega sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Aðalsteinn hefur hins vegar viljað hverfa frá framburði sínum hjá lögreglu og borið því við, að skýrsla sú, sem hann skrifaði undir, hafi verið það, sem lögreglumaðurinn lagði sér í munn. Eins og mál þetta er vaxið, þykir ekki verða hjá því komist að treysta framburði ákærða hjá lögreglu, enda ekkert komið fram við meðferð málsins, sem veiki þá játningu hans, og verður því ekki tekið mark á síðari afturköllun hans. Með hliðsjón af framansögðu svo og með hliðsjón af framburði ákærða X um aðild ákærða Aðalsteins telst nægilega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Aðalsteins hefur hann frá árinu 1981 hlotið samtals tólf dóma, og nemur óskilorðsbundin samanlögð refsivist hans nú þremur árum og rétt tæpum þremur mánuðum. Síðast hlaut ákærði dóm 21.3. 1989, átta mánaða fangelsi og fjársekt fyrir þjófnað. Þá hefur ákærði níu sinnum sæst á sektagreiðslur fyrir brot gegn umferðarlögum, áfengislögum og lögum um ávana- og fíkniefni. Hinn 28.3. 1990 hlaut ákærði reynslulausn í tvö ár á eftirstöðvum refsingar, 160 dögum. Samkvæmt vottorði Fangelsismálastofnunar ríkisins hefur ákærði ekki afplánað framangreindar eftirstöðvar. Þar sem ákærði hefur rofið skilorð reynslulausnarinnar, ber því samkvæmt ákvæðum 42. gr., sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga, að taka upp eftirstöðvarnar. Þykir refsing ákærða með hliðsjón af málavöxtum öllum og með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði.

Samkvæmt sakavottorði ákærða X hefur hann þrívægis sætt refsingu fyrir umferðarlagabrot.

Rétt þykir, að ákvörðun um refsingu ákærða X skuli frestað, og skal hún niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt gögnum málsins hafa ákærðu greitt skaðabætur að fullu.

Dæma ber ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar in solidum, en ákærði Aðalsteinn greiði þó einn málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánsson hrl., 30.000 kr.

D ó m s o r ð:

Ákærði Aðalsteinn Aðalsteinsson, sæti fangelsi í sex mánuði.

Ákvörðun um refsingu ákærða X skal frestað og hún niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað in solidum, en ákærði Aðalsteinn greiði þó einn málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hrl., 30.000 kr.
